



Borgarráð

Útgefnir lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að hjálagðir lýðheilsuvísar verði gefnir út sem lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2019. Vísarnir í heild sinni verða gefnir út sem einblöðungur og munu einnig verða birtir á vefsíðu borgarinnar undir *Reykjavík í tölum* (www.tolur.reykjavik.is).

Greinargerð:

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019 var samþykkt að birta skuli fyrirbyggjandi lýðheilsuvísar sem safnað hefur verið saman í samvinnu við embætti landlæknis og þeir þróaðir áfram fyrir borgina, m.a. sem hluti af því að setja mælanleg markmið í lýðheilsuáttum.

Við val á lýðheilsuvísam fyrir Reykjavíkurborg var áhersla lögð á vísar sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum. Haft var samráð við Embætti landlæknis, og lýðheilsuvísar þeirra á landsvísi hafðir til hliðsjónar í vinnunni. Auk þess var samráð haft við Rannsóknir og greiningu. Farið var yfir hvaða gögnum væri þörf á við stefnumótun og þeirra gagna aflað sem hægt var og ekki voru þegar í vörslu borgarinnar. Leitað er leiða til að afla þeirra gagna sem þörf er á en ekki eru aðgengileg nú þegar af einhverjum ástæðum. Þeim verður bætt við lýðheilsuvísana þegar mögulegt er.

Lýðheilsuvísar eru notaðir til að upplýsa stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Við val á lýðheilsuvísam til birtingar er meginreglan sú að með birtingu er leitast við að velja vísar sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík, falla að öllu eða einhverju leyti undir verk- og valdsvið borgarinnar og innihalda ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar.

Birting tölfraeðigagna á ytri vef

Tölfraeðivefurinn Reykjavík í tölum byggir á veftöfluhugbúnaði, en veftöflur eru aðgengileg leið til þess að miðla tölfraeðigögnum og halda utan um starfsemisupplýsingar. Veftöflurnar eru einfaldar í notkun og eru notendavænar hvað varðar framsetningu þar sem notendur geta síað niðurstöður og valið framsetningarmáta sem hentar þeim. Reykjavík í tölum inniheldur 256 veftöflur í 11 köflum þar sem haldið er utan um tölfraeði sem snýr að Reykjavík, íbúum hennar og starfsemi Reykjavíkurborgar. Meðal annars er þar kafli um heilsu, öryggi og lýðræði sem er heppilegur fyrir birtingu lýðheilsuvísa.

Reykjavík í tölum er tengd við opingogn.is þar sem Reykjavíkurborg birtir gögn á opnu gagnasniði og birtast því allar veftöflur tölfraeðivefsins einnig á opnu gagnasniði á opingogn.is. Birting tölfraeðigagna í tölfraeðigrunnum á ytri vef Reykjavíkurborgar og á opingogn.is er í samræmi við upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar sem tiltekur að gögn skuli vera aðgengileg á opnum gagnasniðum eftir því sem við verður komið. Með opnum gagnasniðum eru gögnin birt eins og þau koma fyrir, án þess að draga fram sérstakar áherslur eða útkomur. Slík snið eru til þess fallin að allir með lágmarks tækniþekkingu geti hlaðið upp gögnunum og unnið úr þeim að vild.

Auk þess að birta gögn á opnum gagnasniðum þá er einnig mikilvægt að birta gögn sem unnið hefur verið með í því skyni að gera þau skýrari og aðgengilegri. Reykjavíkurborg birtir fjármálagögn á ytri vef á myndrænan hátt með aðstoð stjórnendaupplýsingakerfisins QlikSense. Hugbúnaðurinn gefur möguleika á framsetningu ýmissa gagna í mælaborðum og hefur meðal annars verið til skoðunar að setja myndrænt mælaborð ofan á tölfraeðivefinn Reykjavík í tölum. Slík framsetning myndi auðvelda almenningi enn frekar að nota tölfraeðigögn borgarinnar á aðgengilegan og einfaldan hátt.

Óháð þeim leiðum sem hér hafa verið nefndar er áhugaverður möguleiki að smíða smáforrit utan um tölfraeði í málaflokkum eins og lýðheilsumálum og myndi slíkt smáforrit gagnast til innri vinnu við markmiðasetningu og árangursmælinga, en einnig til miðlunar á ytri vef.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2019.



Lýðheilsuvisar Reykjavíkurborgar 2019

		2016	2017	2018	2019	Eining			
Íbúar	1	Íbúafjöldi (fjölgun/Fækkun)	0,5	0,6	2,3	2,2	%		
	2	Kynjahlutfall (hlutfall karla á móti konum)	0,99	1,00	1,02	1,04	%		
	3	Íbúar >80 ára	3,90	3,82	3,69	3,59	%		
	4 *	Ráðstöfunartekjur (Miðgildi)	362,2	**	**		þús.kr.		
	5	Eiga frekar eða mjög erfitt með að ná endum saman		11,8	16,9		%		
	6 *	Telja leiguhúsnæðið sem þau búa í frekar eða mjög öruggt	32	30	48		%		
Lífnaðarhættir	7	Grunnskólanemar sem sofa 7 klst á nóttu eða minna (8.-10.b)	14,2		14,3		%		
	8	Framhaldsskólanemar sem sofa 7 klst á nóttu eða minna	73,0		74,0		%		
	9	Fullorðnir sem sofa 6 klst á nóttu eða minna	24,5	25,6	28,9		%		
	10	Fullorðnir sem ganga eða hjóla til vinnu/skóla 3x í viku eða oftar	24,3	22,2	26,1		%		
	11 *	Notkun almenningsgangna, meðalfjöldi ferða á íbúa á ári	52,4	52,6	54,0		fjöldi		
	12	Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi 1-3 x í viku (5.-7. b.)		33,5		34,0	%		
	13	Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi 1-3x í viku (8.-10. b.)	19,0		18,0		%		
	14	Nýting frístundakorts	77,9	79,7	80,4		%		
	15	Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna - 5x á dag eða oftar	10,9	11,7	10,4		%		
	16	Tannburstun fullorðinna - burstu tennur 2x á dag eða oftar		74,4			%		
	17	Framhaldsskólanemar sem drekka orkudrykki daglega	20,0		52,0		%		
	18	Hafa orðið drukkin sl. 30 daga (8.-10.b)	3,0		3,3		%		
	19	Hafa orðið drukkin sl. 30 daga (10.b)	6,0		7,0		%		
	20	Hafa notað marjúúana 1x eða oftar á ævi (8.-10.b)	5,0		4,7		%		
	21	Ölvun framhaldsskólanema, 1x í mánuði eða oftar	39,0		38,0		%		
	22	Áhættudrykkja fullorðinna - áhættusamt neyslumynstur	27,0	27,2			%		
	23	Reykt rafrettur 1x eða oftar á ævi (8.-10.b.)	20,3		30,0		%		
	24	Reykt rafrettur 1x eða oftar síðustu 30 daga, framhaldsskólanemar	29,0		40,0		%		
	25	Reykingar fullorðinna - Reykja daglega	10,7		9,1		%		
	26	Ánægja með opin svæði		60,7	58,9		%		
	27	Aðsókn að sundstöðum	1.866	2.057	2.276		fjöldi þús.		
	28	Aðsókn að skíðastöðum	96.037	65.334	77.474		fjöldi		
	29	Aðsókn að húsdýragarðinum	174	169	161		fjöldi þús.		
	30	Hafa stundum eða oft orðið fyrir stríðni frá hóp (5.-7.b.)		3,7		4,0	%		
	31	Hafa stundum eða oft verið skilin útundan af hóp (5.-7.b.)		5,3		6,0	%		
	32	Tölvuleikjanotkun 4klst+ pr dag (8.-10.b.)	10,8		11,7		%		
	33	Tölvuleikjanotkun strákar 4klst+ pr dag (8.-10.b.)	19,7		21,7		%		
	34	Tölvuleikjanotkun stelpur 4klst+ pr dag (8.-10.b.)	2,7		1,7		%		
	35	Notkun samfélagsmiðla 4klst+ pr dag (8.-10.b.)			20,0		%		
	36	Notkun samfélagsmiðla 4klst+ pr dag strákar (8.-10.b.)			14,3		%		
	37	Notkun samfélagsmiðla 4klst+ pr dag stelpur (8.-10.b.)			25,7		%		
	Heilsa	38	Kvíðaeinkenni (8.-10.b.)	2,3		2,3		%	
		39	Oft einmanna s.l. viku (8.-10.b.)	10,0		10,0		%	
		40	Einmanaleiki framhaldsskólanema	11,0				%	
		41	Hamingja fullorðinna - skora 8-10 á hamingjukvarða (1-10)	62,6	56,5	55,9		%	
		42	Fullorðnir sem finna oft eða mjög oft fyrir mikilli streitu í daglegu lífi	21,7	25,7	29,2		%	
		43	Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir		20,7			%	
44		Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir		20,2			%		
45		Þunglyndislyfjanotkun	136,6	142,3	138,7		DÞD		
46		Sykursýkislyfjanotkun	32,2	32,3	33,0		DÞD		
Umhverfi og innviðir		47	Lengd hjólastíga	22,3	22,3	26,1		km	
	48	Lengd sameiginlegra hjóla- og göngustíga	784	784	791,4		km		
	49	Fjöldi grenndar- og matjaragarða	477	478	603	638	fjöldi		
	50	Fjöldi bekkja	1166	1164	1233	1234	fjöldi		
	51	Aðgengi að grænum svæðum, innan við 300m frá heimili	94,5	94,2	93,9		%		
	52	Aðgengi að almenningsgöngum, innan við 400m frá heimili	92,6	93,5	93,4		%		
	53	Loftmengun - svifryk yfir mörkuð (má fara 35x yfir skv.reglugerð)	9	17	18		fjöldi		
	54	Gæði drykkjarvatns - tilvik sem stóðust ekki kröfur reglugerðar	0	0	2		fjöldi		
	55 *	Upplifa sig örugg í eigin hverfi	92,3	91,9	90,9		%		

*Gögn fyrir höfuðborgarsvæðið - Gögn um öruggt húsnæði eru fyrir landið allt

**Gögn í vinnslu

Gagnasafn, nánari upplýsingar og heimildir vegna lýðheilsu er aðgengilegt á tölfraeðivef Reykjavíkurborgar www.tolur.reykjavik.is
Embætti landlæknis gefur árlega út lýðheilsuvisu fyrir valda áhrifabætti heilbrigðis www.landlaeknir.is/lydheilsuvisar